

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.**

Árið 2025, þriðjudaginn 27. maí kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1208. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir og Sigrún Reynisdóttir

Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson.

Þetta gerðist:

1. Arnarbakki 2 - USK25050341

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3.-4. hæða fjölbýlishús, mhl. 01 og mhl. 02, með 70 námsmannaíbúðum á 2.-4. hæð, sameiginleg rými fyrir íbúa á 1. hæð mhl. 01, fimm deilda leikskóli á 1. hæð mhl. 02 ásamt hjóla- og sorpskýlum, mhl. 03 og mhl. 04 á lóð nr. 2 við Arnarbakka.

Stærð, mhl. 01: 3.152 ferm., 9.718,6 rúmm.

Mhl. 02: 4.237 ferm., 14.406,7 rúmm.

Mhl. 04 , B-rými: 50,3 fwerf.

Erindi fylgir orkurammi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Arnarhlíð 1 - USK25050074

Sótt er um leyfi til að innrétta grunnskóla, fjórar kennslustofur fyrir 55 börn og fimm starfsmenn í rými ? á 1. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Arnarhlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Arnarhlíð 8 - USK25050044

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054709 með því að innrétta golfherma í hluta rýmis 0101 og 0102 ásamt því að gera minni háttar breytingar á reyklosun og brunavörnum á 1. hæð og í kjallara íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Ármúli 31 - USK25010108

Sótt er um leyfi til að byggja 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 253 íbúðum, 108 á B-reit og 145 á C-reit og bílakjallara með 221 stæði sem tengist bílakjallara undir D-reit á Orkureit á lóð nr. 31 við Ármúla.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 20. desember 2024.

Stærð mhl. 08, A-rými: 35.079,1 ferm., B-rými: 1.507,9 ferm., 118.199,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bakkastaðir 2 - USK25050075

Sótt er um leyfi til að innrétta skóla með því að endurskipuleggja og aðlaga kennslustofur og stuðningsrými og bæta aðgengi fyrir alla í og við Korpuskóla á lóð nr. 2 við Bakkastaði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 8. maí 2025 og hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 10. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Baldursgata 23 - USK25020301

Sótt er um leyfi til þess að sameina mhl.02 og mhl.70 og fyrir áður gerðum breytingum á núverandi útliti og innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 23 við Baldursgötu.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 14. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

7. Bankastræti 14 - USK25040206

Sótt er um leyfi til þess stækka og gistiheimili á 3. og 4. hæð í flokki II tegund ? fyrir ? gesti, með því að bæta við rými 0201, breyta notkun þess og innrétta gestamóttöku, hvíldarrými fyrir hótелgesti og veitingastað í flokki II teg f fyrir 40 gesti á 2. hæð í sambýlishúsi nr. 14, mhl.01 á lóð nr. 14 - 14A við Bankastræti.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 33 - USK25030034

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030278 þannig að innra skipulagir er breytt á 1. hæð og í kjallara auk þess sem útihurð er færð til og gert anddyri við kjallarainngang í skrifstofuhúsi á lóð nr. 33 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 18. febrúar 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

9. Brekkugerði 19 - USK24100288

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti glugga og hurða auk þess sem þaksvölum hefur verið breytt í þakgarð og þar komið fyrir útigeymslu, hluti af þakkanti verið sagaður niður og gler sett í staðinn, gler sett í stað bílskúrshurðar og notkun bílskúrs breytt í stofu í einbýlishúsi á lóð nr. 19 við Brekkugerði.

Erindi fylgir greinargerð skipulagsfulltrúa, svör við athugasemdum og niðurstaða grenndarkynningar, dags. 20. mars 2025, skýrsla um húsaskoðun dags. 13. janúar 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. bréf frá hönnuði dags. 15. nóvember 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 12. október 1961.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Brekkugerði 15, 17, 32, 34 og Heiðargerði 68, 100 og 102 frá 11. febrúar 2025 til og með 11. mars 2025. Athugasemd og ábending barst. Erindi er vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

10. Dynskógar 11 - USK25020128

Sótt er um leyfi til að stækka svalir og byggja yfir þær, setja nýjar útihurðir og glugga, færa sorp, taka lagnarými í kjallara í notkun sem geymslu og auk þess er breyting á innra skipulagi húss nr. 11 við Dynskóga. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 29. nóv. 1973.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

11. Egilsgata 5 - USK25020338

Sótt er um leyfi til að byggja 5 hæða fjölbýlishús með 36 íbúðum og verslunar- og atvinnurýmum á fyrstu hæð, auk bílageymslu, sérgeymslum og tæknirýmum í kjallara í húsi á lóð nr. 5 við Egilsgötu.

Stærð. 6.240 ferm., 21.840,7 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um algilda hönnun dags. 12. febrúar 2025, hljóðvistarskýrsla dags. í júlí 2023, hæða- og mæliblöð.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Eyjarslóð 1 - USK25020048

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050177 sem snýr að svölum frá rými 0206, sett brunahurð á milli brunahófa í stigagangi 0204 og breyting á innra skipulagi 3. hæðar auk matlshlutaskráningu í húsi nr. 1 við Eyjarslóð og hús nr. 2A við Hólmaslóð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Fossaleynir 12 - USK25040253

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og bæta við deild fyrir 20 börn í rými 0201 á 2. hæð í leikskólanum Korpukoti á lóð nr. 12 við Fossaleyni.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Grensásvegur 1 - USK25040252

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta skrifstofur og skrifstofurými fyrir alls 20 manns á 6. og 7. hæð í íbúðar og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Grettisgata 3 - USK25040208

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta veitingastað í flokki I teg.? fyrir alls ? manns í rými 0102 í verslunar-og íbúðarhúsi nr. 3, mhl.01, á lóð nr. 3-3a við Grettisgötu.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 2. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. Gylfaflöt 16-18 - USK25030385

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi annarrar hæðar og bæta við glugga auk þess er komið fyrir stjórnarbúnaði vatnsúðunarkerfis á fystu hæð í húsi á lóð nr. 16-18 við Gylfaflöt.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 21. mars 2006.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

17. Hamravík 88 - USK25030424

Tilkynnt er um framkvæmd sem snýr að stækkun svalahurðar á vesturhlið húss nr. 88 við Hamravík.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

18. Hesthamrar 9 - USK25040443

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerður hefur verið kjallari og bílskýli verið lokað, einnig er sótt um leyfi til að byggja viðbyggingu á austurhlið og koma þar fyrir stiga niður í áður gerðan ósamþykktan kjallara, innrétta íbúð í kjallara og til að byggja sólþall og yfirbyggðar svalir á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Hesthamra.

Áður gerð stækkun, kjallari: 179,3 ferm., 448,3 rúmm.

Bílgeymsla, B-rými verður A-rými: 41,9 ferm., 152 rúmm.

Viðbygging: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingar: 504,5 ferm., 1.676,5 rúmm.

Áður gerður kjallari 179,3 ferm., 448,3 rúmm.

Lögð er fram húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 12. apríl 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 og 6. september 2022.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Hlésgata 1 - USK25050140

Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða fjölbýlishús með 110 íbúðum sem skiptist í sjö húshluta ofanjarðar á sameiginlegum bílakjallara með 52 bílastæðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Rastargötu, á lóð nr. 1 við Hlésgötu.

Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 6. maí 2025.

Stærð: 4.382,8 ferm., 13.758,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Hraunberg 8 - USK25040205

Sótt er um leyfi til að endurnýja þak og klæða að utan með báruáli og fjalægja áður gerðar viðbyggingar ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðri stækkun millilofta í Fjölbautaskólanum í Breiðholti, mhl. 01 á lóð nr. 8 við Hraunberg.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 10. apríl 2025.

Niðurrif: 040101, merkt geymsla: 50 ferm.

Ómerkt, gas- og súrgeymsla: 10,2 ferm.

Stækkun millilofts: xx ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hverafold 1-3 - USK24120169

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð sólbaðstofa í rými 0202, á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 17. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Háagerði 33 - USK25030160

Sótt er um leyfi til þess að stækka kvist á norðurþekju samfara endurnýjun þakklæðningar, koma fyrir nýjum þakglugga ofan við baðherbergi, stækka glugga á norðurgafl í rishæðar og gera nýjan stiga á milli hæða og breyta innra skipulagi á efri hæð í raðhúsi á lóð nr. 33 við Háagerði.

Stækkun: 3.5 ferm., 8.2 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2025, samþykki meðeigenda á teikningu Atríum nr. 001 dags. 18. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 5. ágúst 1954.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. Höfðabakki 7 - USK25040029

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020128 þannig að brunahólfun á 1.- 3. hæð er breytt í húsi prentsmiðjunnar Odda á lóð nr. 7 við Höfðabakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Kleifarvegur 14 - USK25040219

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta sem vinnustofu bílskúr, mhl.70. við einbýlishús á lóð nr. 14 við Kleifarveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. apríl 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

25. Kringlan 4-12 - USK25050070

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulag í Nespresso verslun sem snýr að lagerrými stækkað og sett ný rúllutjaldslokun í rými 144 á 1. hæð í kringlunni.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

26. Laugarnesvegur 84 - USK24100049

Sótt er um leyfi til að breyta íbúð 401 með því að opna upp í þak og gera þar geymslu í húsi á lóð nr. 84 við Laugarnesveg.

Stærð 16,7 ferm. og 110,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Laugavegur 139 - USK24120113

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingu sem meðal annars fela í sér að gerðar hafa verið svalir á norðuhlið 2. hæðar, tröppur gerðar á bakhlið og innréttaðar 5 íbúðir í íbúðarhúsi á lóð nr. 139 við Laugarveg.

Breytingar eru byggðar á aðalteikningum samþykktum með erindi BN044004 þann 17. apríl 2012 sem fallið er úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23040234.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 29. október 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Nauthólsvegur 79 - USK24120111

Sótt er um leyfi til þess að byggja fjölbýlishús, mhl.01, 3-5 hæðir auk kjallara með 47 íbúðum og verslun og þjónustu á jarðhæð, og mhl.02 og 03, fjölbýlishús á tveimur hæðum með 8 íbúðum hvort á lóð nr. 79 við Nauthólsveg.

Stærð mhl.01: 6.929.7 ferm., 21.523.1 rúmm.

Stærð mhl.02: 463.2 ferm., 1.456.6 rúmm.

Stærð mhl.03: 463.2 ferm., 1.456.6 rúmm.

Nýtingarhlutfall: 1.53

Erindi fylgir uppfærð greinargerð hönnuðar um sorplausnir dags. 14. maí 2025, greinargerð hönnuðar dags. 14. maí 2025, dags. 19. mars 2025 og 10. desember 2024, hljóðvistarskýrsla Myrru dags. 2. desember 2024, greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útg. V05 dags. 14. maí 2025, V04 dags. 25. mars 2025 og V02 dags. 12. janúar 2025, mæliblað 1.754.2 dags. 16. júní 2024 og hæðablað dags. 28. maí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Neshamrar 8 - USK25030417

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu með bílgeymslu og tveimur herbergjum á norðausturhlið, breyta innra skipulagi í fyrrum bílgeymslu og innrétta þar herbergi, þvottahús og geymslu í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 8 við Neshamra. Stækkun: 68,3 ferm., 172,1 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Nýlendugata 21 - USK23030276

Gerð sex íbúða á sameinuðum lóðum Nýlendugötu 21 og 21B. Tveir matshlutar.

Formleg erindislýsing:

Sótt er um leyfi til þess að sameina matshluta 01 og 02 við Nýlendugötu 21, breyta notkun og innrétta þrjár íbúðir, breyta notkun, innrétta þrjár íbúðir og hækka um eina hæð Nýlendugötu 21a, mhl.02 og reisa sorp- og hjólaskýli, mhl.03, í suðvesturhorni lóðar nr. 21 við Nýlendugötu.

Stækkun mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stækkun mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð mhl.03: xx. x ferm., xx.x rúmm

Erindi fylgir ódagsett greinargerð Sei stúdíó á ljósmagn og gólffleti, afrit af greiðslukvittun vegna þinglýsingar lóðabreytinga stimpluð hjá sýslumanni 15. desember 2023, umsögn Minjastofnunar dags. 21. mars 2023, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. mars 2023, minnisblað brunahönnuðar dags. 20. mars 2023 og yfirlit breytinga afriti af eldri samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Orrahólar 7 - USK25020105

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem snýr að því að gerð hefur verið íbúð í rými 0106 (áður 0109) þar sem áður var þjónusturými í sameign í húsi nr. 7 við Orrahóla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Sjá skoðunarskýrslu.

32. Óðinsgata 13 - USK25020268

Sótt er um leyfi til þess að breyta útliti og innra skipulagi og bæta aðgengi og algilda hönnun íbúðar í einbýlishúsi, mhl.02 á lóð nr. 13 við Óðinsgötu.

Erindi fylgir breytt erindislýsing í bréfi hönnuðar dags. 12. maí 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 26. febrúar 2025, greinargerð hönnuðar dags. 25. apríl 2024, greinargerð hönnuðar dags. 21. febrúar 2025, skýrsla vegna sambrunahættu dags. 4. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 30. ágúst 2005.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

33. Skrauthólar 4 - USK25030248

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23100124 þannig eignum er fjölgað og vinnustofa, mhl.11, verður sér eign á lóð nr. 4 við Skrauthóla.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

34. Skólavörðustígur 40 - USK24120055

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi á hluta virkisrýmis og gera geymslu, rými 0402, í eigu íbúðar 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi á teikningu Zeppelin arkitekta nr. 0104 (G) dags. 7. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Snorrabraut 79 - USK23060110

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innrétta gistuhús í flokki I teg. minna gistiheimili fyrir hámark 10 manns ásamt starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut.

Erindi fylgir breytt greinargerð hönnunar vegna breytinga á erindislýsingu dags. 10. desember 2024, greinargerð hönnuðar vegna breytingar á umfangi umsóknar dags. 10. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Stefnisvogur 1 - USK25050175

Sótt er um leyfi til að breyta USK24070158 sem snýr að tæknirýmum, sorpgeymslum, geymslum, útistigum, gólfkótum, atvinnurýmum á jarðhæð, innra fyrirkomulagi nokkurra íbúða, færslu á hluta húss framar í götu ásamt flóttaleiðum, klæðningu, svalahandriðum og gluggabreytingum í húsum á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Stefnisvogur 36 - USK25040220

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061455 með því að breyta lóðarhönnun við fjölbýlishús á lóð nr. 28-36 við Stefnisvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Stuðlaháls 1 - USK25010335

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og brunavörnum vegna uppfærslu á tækjabúnaði í iðnaðar- og skrifstofuhúsi, mhl.01 auk þess sem mjólkurtankur, mhl.08, hefur verið fjarlægður á lóð nr. 1 við Stuðlaháls.

Stærð mhl.08 : 4.9 ferm., 13.3 rúmm.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar 2025, greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir dags 30. janúar 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 14. júní 2005.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Suðurgata 35 - USK25040093

Sótt er um leyfi til að byggja nýjar svalir (búið er að rífa þær sem áður voru) á suðurhlíð rishæðar í húsi nr. 35 við Suðurgötu.

Erindinu fylgir mæliblað dags. 9. maí 1983 og yfirlit breytinga dag. 2. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.
Sjá skoðunarskýrslu.

40. Tryggvagata 21 - USK25030451

Sótt er um leyfi til að innrétta rými 0115 - T-10,1 í mhl. 07 í fataverslun í húsin nr. 21 við Tryggvagötu.

Erindinu fylgir samantekt brunavarna dags. 24. mars 2025 og greinagerð brunahönnunar dags. 25. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Tunguháls 6 - USK24080135

Sótt er um leyfi til þess að breyta tilhögun lóðar, fjölga bílastæðum, setja upp stoðveggi og stálgirðingar, koma fyrir gámum og steiptum hólfum fyrir jarðvegsúrgang á lóðarmörkum lóðar nr. 8 við Tunguháls, færa innkeyrslu til suðurs að lóðarmörkum lóðar nr. 2 við Tunguháls, rífa tvo kornsílóa, mhl.02 og mhl.03 og til að reisa 1-4-hæða viðbyggingu auk kjallara fyrir verkstæði, lager, skrifstofu- og starfsmannaðstöðu, upp að austurhlíð iðnaðarhúss á lóð nr. 6 við Tunguháls.

Stækkun mhl.01: 3.741.7 ferm., 18.770.4 rúmm.

Stærð niðurrifs:

Mhl.02: 6.2 ferm., 41.9 rúmm.

Mhl.03: 6.2 ferm., 41.9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki aðliggjandi lóðarhafa mæli- og hæðablöð og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. maí 2021

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir sbr. niðustaða afgreiðslu á embættisfundi skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

42. Víðimelur 67 - USK25020233

Sótt er um leyfi til að stækka kjallara útundir viðbyggingu á 1. hæð á einbýlishúsi á lóð nr. 67 við Víðimel.

Stækkun: 19,2 ferm., 49,9 rúmm.

Eftir stækkun: 331,4 ferm., 1.017,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

43. Þingholtsstræti 21 - USK24070192

Sótt er um leyfi til að breyta, endurgera og byggja ofaná mhl. 02 og innrétta þar þrjár íbúðir og til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum, mhl. 03 á lóð nr. 21 við Þingholtsstræti.

Stækkun mhl. 02: 72 ferm., 331,8 rúmm.

Mhl. 02 eftir stækkun: 154 ferm., 558,1 rúmm.

Mhl. 03: 80,8 ferm., 289,3 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Ísland dags. 19. ágúst og 16. desember 2024, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. apríl 2025 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

44. Þverársel 26 - USK25030247

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og byggja viðbyggingu við vesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 26 við Þverársel.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 15. apríl 2025 og yfirlit breytinga að aðaluppdrætti samþykktum 25. október 1979.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Fundi slitið kl. 11:58